

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 174/1999

frá 26. nóvember 1999

um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn
um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Bókun 47 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 73/1999 frá 28. maí 1999⁽¹⁾.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2770/98 frá 21. desember 1998 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 3201/90 um nákvæmar reglur fyrir lýsingu og kynningu á vínnum og þrúgusaða⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 26. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3201/90) í 1. viðbæti við bókun 47 við samninginn:

„- **398 R 2770**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2770/98 frá 21. desember 1998 (Stjtið. EB L 346, 22.12.1998, bls. 25).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 284, 9.11.2000, bls. 63 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 51, 9.11.2000, bls. 71.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 346, 22.12.1998, bls. 25.

2. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2770/98 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. nóvember 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 26. nóvember 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

N. v. Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner